

vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnæðið skal fullnægja að öllu leyti settum skilyrðum um gerð spennistöðvahúsa. Kostnaður notandans við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi samkvæmt þessari gjaldskrá. Þó aldrei meiri frádráttur en tengigjaldinu nemur.

Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald eftir kostnaði samkvæmt reikningi rafveitunnar. Tengigjald fellur í gjalddaga, þegar setningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

IV. KAFLI

Opnunargjöld.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 150.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 150.00 gjald í skrifstofu rafveitunnar.

Í framangreindum verðum er innifalinn 11% söluskattur, nema í I. kafla II, sölu til hitanotkunar, en á þá sölu er ekki lagður söluskattur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Akraness nr. 238 30. október 1970 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 13. júní 1972.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Siglufjarðar.

1. gr.

Vatnsveita Siglufjarðar er eign Siglufjarðarkaupstaðar og er rekin í þeim tilgangi að fullnægja vatnspörf heimila og fyrirtækja í kaupstaðnum, eftir því sem við verður komið og reglugerð þessi kveður nánar á um.

Vatnsveita Siglufjarðar er sjálfstætt fyrirtæki í rekstri Siglufjarðarkaupstaðar með sérstöku reikningshaldi.

Reikningar Vatnsveitu Siglufjarðar skulu jafnan fylgja reikningum bæjarsjóðs Siglufjarðar til endurskoðunar og samþykktar.

2. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar hefur æðsta vald í málefnum Vatnsveitunnar og í umboði hennar annast bæjarráð daglega umsjón með framkvæmd starfa, er vatnsveituna varða.

3. gr.

Vatnsveita Siglufjarðar hefur einkarétt á sölu vatns í Siglufjarðarkaupstað og nýtingar vatnslinda í landi kaupstaðarins til vatnsnota sbr. 1. gr.

Þeir vatnsnotendur, sem ekki hafa tengdar heimæðar sínar aðalvatnsveitukerfinu og óska eftir að nýta vatnslind í landi kaupstaðarins til eigin þarfa, skulu sækja um sérstakt leyfi til bæjarráðs þar að lútandi. Bæjarráð setur skilyrði fyrir þess konar vatnsnotkun og ákveður greiðslu fyrir hana.

4. gr.

Óheimilt er að spilla vatnslindum í landi kaupstaðarins með neins konar jarðraski eða mannvirkjagerð og þess skal gætt að grunnvatn í bæjarlandinu spillist ekki af völdum olíu eða aðrennslisefna, sem valdið geta tímabundinni eða varanlegri mengun grunnvatns.

Heimilt er bæjarstjórn að hanna mannvirkjagerð eða umgang manna og búfjár á ákveðnum svæðum í landi kaupstaðarins ef það hefur í för með sér hættu á mengun neyzluvatns.

5. gr.

Hver sá, er á húseign við götu eða veg, sem vatnsæð liggur um, á rétt á að tengja vatnsæð frá henni á eigin kostnað við húsið, enda sé það reist með samþykki byggingarnefndar og vatnið ætlað til heimilisþarfa.

Vatnsnot til annarra þarfa skulu að jafnaði leyfð með nánari fyrirmælum og skilyrðum, er vatnsveitan setur hverju sinni.

Vélar og önnur tæki, þau er nota vatn, önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við hús eða heimæðar, nema að fengnu leyfi vatnsveitunnar. Einnig getur vatnsveitan fyrirskipað breytingar á eldri tækjum og vélum, ef nauðsyn krefur.

Réttur húseiganda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja að þrýstingur í götuæðum sé ávallt nægjanlegur.

Ef sýnt þykir, að götuæðar þær, sem fyrir eru, geti eigi séð atvinnufyrirtæki eða öðrum, sem óska eftir vatni, til annarra þarfa en heimilis, fyrir nægjanlegu vatni, er notanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur, eftir úrskurði vatnsveitunnar.

Ef vatnsæðar hafa ekki verið lagðar í götu eða veg, þar sem óskað er eftir vatnsnotkun, getur vatnsveitan sett það skilyrði fyrir lögn vatnsæðar, að tryggt sé, að kostnaður við lögnina fái endurgreiddur, annað hvort með heinni þátttöku notenda eða með því að gjöld fyrir vatnsnotkun verði ákveðin með hliðsjón af kostnaðinum.

Vatnsveitan getur einnig ákveðið, að notendur er bætast síðar við, beri hluta stofnkostnaðar við lögnina.

Vatnsveitan hefur eignarrétt og viðhaldsskyldu á dreifiaðum, enda þótt húseigandi hafi í upphafi borið að einhverju eða öllu leyti þann kostnað, er af lögninni leiddi, nema öðru vísi verði um samið.

Vatnsveitan skal á eigin kostnað koma fyrir brunahönum, eftir fyrirsögn slökkviliðsstjóra.

6. gr.

Sá, er óskar að leggja vatnsveituæð að húsi sínu, leggja nýlagnir, gera breytingar á eða viðbætur við eldri vatnslagnir, skal með nægum fyrirvara fá til þess leyfi hjá vatnsveitunni. Umsóknir skulu skrifaðar á eyðublöð sem fást á bæjar-skrifstofunum, Siglufirði, og skulu þær undirritaðar af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans, ásamt pípulagningameistara þeim, sem verkið á að annast.

Með umsókninni fylgi uppdráttur af vatnslögninni í tvíriti og eigi í minni mælikvarða en 1:100.

Uppdrátturinn skal gerður af þar til hæfum manni, er hlotið hefur til þess löggildingu bæjarstjórnar.

Uppdrátturinn skal sýna gerð og stærð allra vatnsæða, loka og krana, bæði utan húss og innan. Á afstöðunni skal sýnd og málsett lega heimæðar frá húsvegg að tengistað við vatnsveituæð. Gert skal ráð fyrir vatnsmæli á óskiptri húsæð og skal honum afmarkaður staður á uppdrætti. Álíti vatnsveitan nauðsyn á, að gerðir séu nánari uppdrættir eða séruppdrættir skulu þeir látnir í té.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum vatnslögnum, sem breyta á, getur vatnsveitan krafist þess, að þeir séu gerðir og ber húseigandi allan kostnað af því.

Ef vatnsveitan samþykkir uppdrátt skal á hann færð áritun um það.

Pípulagningameistari sá, er verkið á að vinna, ritar nafn sitt á eintak vatnsveitunnar, áður en verkið hefst. Sé skipt um pípulagningameistara meðan á verki stendur skal það tilkynnt vatnsveitunni.

Uppdráttur áritaður af vatnsveitunni og viðkomandi pípulagningameistara skal ávallt vera á vinnustað. Með áritun tekur vatnsveitan enga ábyrgð á því, að hægt sé að framkvæma verkið vegna leiðslna eða annars, sem kann að vera því til fyrirstöðu.

7. gr.

Pípulagningameistarar, löggiltir af bæjarstjórn, hafa einir rétt til að annast vatnslagnir og gildir það um nýlagnir, jafnt sem viðbætur við eða breytingar á eldri vatnslögnum. Þeir bera og ábyrgð á að allar lagnir séu í samræmi við samþykkt þessa, nánari fyrirmæli er kunna að verða sett og samþykktan uppdrátt.

Ef pípulagningameistari brýtur í bága við fyrirmæli samþykktar þessarar eða reglna, settum samkvæmt henni, eða ef brot er framið af starfsmönnum, sem hann ber ábyrgð á, getur vatnsveitan veitt honum áminningu. Enn fremur má bæjarstjórn svipta hann löggildingu, ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekuð brot.

8. gr.

Vatnsveitan skal hafa eftirlit með því, að nýlagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og samþykkt þessa.

Engar vatnsæðar má hylja fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af vatnsveitunni.

Vatnsveitan hefur rétt til þess að láta þrýstiprófa vatnslagnir á kostnað húseiganda og sé það gert skal pípulagningameistari sá, er ábyrgð ber á verkinu, vera viðstaddur og aðstoða starfsmenn vatnsveitunnar við prófunina.

Álíti eftirlitsmaður vatnsveitunnar að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

9. gr.

Allar vatnsæðar frá vatnsveituæðum að húsi og í því eru eign húseiganda og ber hann kostnað af lögnum þeirra og viðhaldi.

Vatnsveitan getur ákveðið að heimæðar eða hluti þeirra skuli lagður af starfsmönnum hennar en á kostnað húseiganda.

Að jafnaði fær hvert hús leyfi fyrir einni heimæð. Óski húseigandi eftir fleiri heimæðum, ber honum að sækja sérstaklega um það til vatnsveitunnar. Óheimilt er að tengja sama húskerfið við tvær eða fleiri heimæðar.

Vatnsveitan getur ákveðið, að fleiri en eitt hús séu tengd sömu heimæð og gefur þá fyrirmæli um vidd og legu æðarinnar. Hún getur ákveðið hvernig skipt skuli kostnaði við slíkar framkvæmdir, ef aðilar verða ekki ásáttir um slíkt.

Óski húseigandi að tengja við gamla heimæð skal hann fá til þess leyfi bæði hjá eiganda heimæðarinnar og vatnsveitunni.

Því aðeins er heimilt að tengja heimæðar við hús, að þau séu foheld og upphituð.

Húseiganda ber skylda til að halda við vatnslögnum sínum á eigin kostnað og láta gera við leka, þegar hans verður vart. Þótt leka hafi ekki orðið vart getur vatnsveitan, ef hún telur brýna þörf á, lagt fyrir húseiganda að endurnýja vatnslagnir sínar að nokkru eða öllu leyti.

Vanræki húseigandi viðhald á vatnslögnum sínum, er vatnsveitunni heimilt að annast viðgerð á kostnað hans.

10. gr.

Eftirlitsmenn vatnsveitunnar skulu hafa frjálsan aðgang að öllum vatnslögnum innanhúss og skulu húseigendur gefa þær upplýsingar um vatnsnotkun, sem óskað er eftir.

11. gr.

Vatnsveitan hefur rétt til þess að taka úr sambandi ónotaðar vatnsæðar í eigu einstaklinga sé eigi gert sennilegt, að þær verði teknar í notkun innan skamms tíma.

Kostnað er af þessu leiðir greiðir eigandi.

12. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar eða af öðrum ástæðum.

Ef eldsvoða ber að höndum, hafa slökkvilið, lögregla og starfsmenn vatnsveitunnar heimild til þess að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar mega teljast, hvort heldur á vatnsæðum í einkaeign, eða eign vatnsveitunnar.

13. gr.

Heimilt er að loka vatnsæðum þeirra notenda, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, nota það þannig að óþrifum eða óþægindum valdi, eða vanrækja viðhald á leiðslum og tækjum tengdum vatnsveitunni.

Starfsmönnum vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús og lóðir vatnsnotenda, til að athuga um vatnslagnir og gera þær ráðstafanir í þágu vatnsveitunnar, sem nauðsynlegar kunna að teljast.

14. gr.

Vatnsveitan getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun og jafnvel lokað fyrir vatn ákveðinn tíma, til þess að tryggja fyrirtækjum, sem ekki geta án þess verið, nægjanlegt vatn. Þegar þannig stendur á getur vatnsnotandi ekki krafizt lækkunar á gjaldi sínu.

Vatnsveitan getur lokað fyrir vatn í öllum bænum eða nokkrum hluta hans til hreinsunar á vatnsgeymum, og til viðgerða á vatnsgeymum og vatnsæðum. Slík lokun skal þó tilkynnast fyrirfram, ef nokkur tók eru á.

15. gr.

Skyllt er landeiganda að láta af hendi land sitt, landsafnot og mannvirki í þágu vatnsveitunnar, og þola þær kvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér við lagningu vatnsæða eða annarra nauðsynlegra framkvæmda, enda komi fullar bætur fyrir, skv. mati, ef samkomulag næst eigi þar um.

16. gr.

Peir, sem óska að fá vatn úr vatnsæðum vatnsveitunnar til afnota um stundarsakir, skulu bera allan kostnað af bráðabirgðavatnslögnum, í sambandi við slíka vatnsnotkun. Heimilt er vatnsveitunni að loka fyrir vatnsæðar, sem þannig eru gerðar, að hætta geti verið á, að í þeim frjósi vatn.

17. gr.

Vatnsskattur skal greiðast af öllum húsum með 0.20% (0.20 af hundraði) af fasteignamati þeirra. Lágmarksskattur af íbúð skal vera kr. 750.00 af íbúð á ári.

18. gr.

Auk vatnsskatts, sbr. 17. gr., greiði vatnsfrekur atvinnurekstur, s. s. frystihús, magngjald, kr. 2.00 — tvær krónur — pr. tonn, eftir mæli.

19. gr.

Fyrir tímabundin eða sérstök vatnsnot skal greiða sem hér segir, auk vatnsskatts, sbr. 17. og 18. gr.:

- A. Fyrir þvottaplan, sem rekið er til þvotta á bifreiðum, t. d. í sambandi við eldneytissölur, skal greiða kr. 5 000.00 á ári fyrir vatnsnotkun.
- B. Fyrir vatnsnotkun í sláturhúsum skal greiða kr. 2.00 fyrir hverja slátraða sauð-kind.
- C. Fyrir vatnsnotkun við síldarsöltun skal greiða kr. 10.00 á hverja uppsaltaða tunnu síldar. Sama gjald skal vera fyrir hverja tunnu af söltuðum hrognum. Fyrir sjósaltaða síld, sem lögð er á land til pökkunar og pæklunar, skal greiða kr. 5.00 fyrir hverja útskipaða tunnu.
- D. Fyrir vatnsnotkun til síldarbræðslu skal greiða kr. 40.00 fyrir hvert landað tonn síldar, þó ekki lægra gjald en svarar til 150 tonna.
- E. Fyrir vatn til skipa skal greiða gjald kr. 25.00 fyrir hverja smálest af vatni eða hluta úr smálest. Ef um vatnskaup í stórum stíl er að ræða er bæjarstjóra heimilt að veita afslátt, þó aldrei meira en 25%. Skip, sem vatnsveitan hefur afhent vatn, má ekki, að viðlögðum sektum, fara af höfninni, fyrr en vatnið er greitt, nema gjaldfrestur hafi verið veittur.
- F. Af hverjum 100 kg af söltuðum, frystum eða ísuðum fiski greiðist kr. 0.50. Af hverri tunnu af söltuðum, flökuðum saltfiski greiðist kr. 1.00. Af hverjum 100 kg af hraðfrystum fiskflökum greiðist kr. 1.30. Af frystri síld kr. 2.20 pr. tunnu. Af hverri framleiddri smálest af ís til fiskjar skal greiða kr. 1.00.
- G. Vatnsnotkun vegna fastra véla í húsum, annarra en heimilisvéla, s. s. kælikerfa, þvottavéla o. s. frv., skal greiða með kr. 3.00 á hverja smálest, eftir vatnsmæli, eða samsvarandi eftir hámarkshemli. Heimilt er bæjarráði að semja um þessi not við hlutaðeigendur.
- H. Greiðsla fyrir önnur þau vatnsnot, sem ekki eru upptalin í þessari grein, og ekki heyra undir ákvæði 14. gr. skal fara eftir ákvörðun bæjarráðs. Jafnvel skal stuðzt við mælingu vatnsnota við ákvörðun þeirra til gjalds, ef aðstæður leyfa, en varanleg stórnotkun skal seld eftir hámarksrennsli og notkunartíma, eftir því sem hægt er. Getur bæjarráð sett þar um nánari reglur, ef þurfa þykir.

Vatnsskattsskylda framleiðslu má ekki flytja hurt af framleiðslustað fyrr en vatnsskattur af henni er greiddur, að viðlögðum sektum, skv. síðari greinum þessarar reglugerðar, ef út af er brugðið.

20. gr.

Þar sem vatnsnot eru mikil, eða komi í ljós, að þau séu óeðlileg, er bæjarráði og bæjarstjórn heimilt að krefjast aukavatnsskatts, skv. vatnsmælingu, eða eftir ákvörðun bæjarráðs. Aukavatnsskattur skal miðaður við kr. 2.00 á smálest.

21. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að breyta vatnsgjöldum, skv. reglugerð þessari, um allt að 50%, til hækkunar og lækkunar, bæði í heild og einstökum liðum.

22. gr.

Gjaldldagi á vatnsskatti, skv. ákvæðum 17. og 19. greina, skal vera 2. janúar ár hvert, en af vatnsskatti til atvinnurekstrar, skv. 18. og 19. gr., við lok hvers mánaðar.

23. gr.

Vatnsskatt af fasteignum má taka lögtaki og má gera lögtak í hinu skattskylda húsi, án tillits til eigendaskipta. Skatturinn nýtur lögveðsréttar í húseignum næstu tvö ár, eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði, og aðfararveði. Sé vatnsskattur eða vatnsgjöld í vanskilum, er bæjarráði heimilt að láta loka vatnsrennsli til gjaldenda og heimilt að krefjast allt að kr. 500.00 opnunargjalds, þegar skil hafa verið gerð á vatnsskattinum eða vatnsgjöldunum.

24. gr.

Hver sá, sem verður sannur að sök um að taka vatn án heimildar eða á annan hátt en ráð er fyrir gert, í þeim tilgangi að losna við að greiða lögmæt gjöld fyrir, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við, skv. hegningarlögum. Auk þess er honum skylt að greiða fyrir vatnið, eftir mati bæjarráðs.

25. gr.

Hver, sem skemmir eða saurgar vatnsæðar vatnsveitunnar, vatnsþrær eða vatnsból, brunahana eða önnur mannvirki, sem heyra vatnsveitunni til, skal greiða fullar bætur, skv. mati 2ja dómkvaddra manna, og sæta sektum.

26. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 100 000.00 — eitt hundrað þúsund krónum —. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir Vatnsveitu Siglufjarðar nr. 6 20. janúar 1964 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 13. júní 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.